

a)

Seglið

Fyrsta skissa:
Smoothie Δ tape Δ túss Δ textill




Málaður grunnur

Hnýtt plast

Hnýtt plast

Málað

Hnýtt plast



Austur

b)

Greinagerð um hugmyndina að baki verkinu, efnisval, uppbyggingu og útfærslu.

Seglið

Hugmynd verksins á rætur að rekja til einnota umbúða. Einnota umbúðir sem eru gerðar eilífar sem listaverk. Þannig fær pappi utan af smoothie nýtt hlutverk sem grunnur að myndverki. Unnið er í lögum á pappan með textíl og málningarteipi.

Útfærsla verksins fyrir vegg Sjávarútvegsráðuneytið er hugsuð í samstarfi við Hampiðjuna. Lög verksins eru unninn með skipamálningu, endurunni plasti sem er hnýtt í samstarfi við Hampiðjuna. Grunnur og partar af verkinu eru málaðir með skipamálningu svo eru einingar, sem eru hnýtt plast, sem móta strúktúr verksins og mynda eins konar segl.

Segl skipsins leiðir skipið áfram. Nú stígum við í tíma þar sem auðlindir sjósins eiga undir höggi að sækja. Samspil lita og handverks endurspegla við fyrstu sýn léttleika en þegar betur er að gáð þá sýna þeir nýja tíma. Nýjir tímar í mótun samfélags þar sem ný stefna er blásin í seglin. Tími þar sem stefnan er tekinn í nýja átt, í átt þar sem náttúran er sett í forgang og nýting auðlinda er stillt í hóf fyrir komandi kynslóðir, í átt að jafnrétti milli manna, í átt að jafnrétti milli manna og dýra, í átt að sjálfbærni, í átt að framtíðinni. Seglið siglir í léttleika sýnum í átt að nýjum tímum.